

Fundur 7

Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn mánudaginn 11. apríl 2011 í Þjósárskóla kl. 16:30.

Mættir eru: Ingibjörg María Guðmundsdóttir skólastjóri, Bolette Höeg Koch og Bente Hansen fulltrúar kennara, Bryndís Baldursdóttir fulltrúi starfsmanna, Birkir Þrastarson og Ann Winter fulltrúar foreldra. Leifur Stefánsson fulltrúi grenndarsamfélags mætti ekki.

Þetta var gert:

1. Skóladagatal 2011-2012

Lagt fram skóladagtal fyrir næsta skólaár. Skólasetning er 22. ágúst og skólaslit 25. maí miðað við 180 skóladaga. Skólaráð gerir ekki athugasemd við skóladagatal 2011-2012.

2. Leyfi skólastjóra á næsta skólaári.

Skólastjóri sagði frá að sveitarstjórn hefði samþykkt leyfi sitt fyrir næsta skólaár. Eftir er að ganga frá afleysingu.

3. Heilsueflandi grunnskóli

Bolette Höeg Koch sagði frá hugmyndafræði varðandi heilsueflandi grunnskóla sem Þjósárskóli er orðinn þátttakandi í. Lagt er til að skólaráð verði stýrihópur verkefnisins en minni hópur með nemendum verði í daglegum verkefnum í skólanum.

Skólaráð samþykkir að vera stýrihópur þar sem fulltrúar allra hópa eru í skólaráðinu nú þegar.

4. Sjálfsmatsskýrsla

Skólastjóri kynnti sjálfsmatsskýrslu sem gerð var í kjölfar könnunar meðal foreldra um líðan nemenda í skóla, samskipti við skóla og vetrarfrí skv. bókun skólanefndar.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:55

Ingibjörg María Guðmundsdóttir

Birkir Þrastarson

Ann Winter

Bente Hansen

Bolette Höeg Koch

Bryndís Baldursdóttir